



**HAFNARFJÖRÐUR**

Ráðhús Garðabæjar  
b.t. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra  
210 Garðabær

Hafnarfirði, 17.7.2020  
1307153 RE

**Efni: Dagþjálfun fyrir heilabílaða að Strandgötu 75, Hafnarfirði**

Alheimersamtökin hafa rekið dagþjálfun fyrir heilabílaða frá árinu 2006 í Drafnarhúsi/Strandgötu 75, Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær hefur frá upphafi lagt Alheimersamtökunum til húsnæði endurgjaldslaust fyrir starfseminna en reksturinn er í höndum samtakanna og er rekinn af daggjöldum frá ríki. Hafnarfjarðarbær leigir umrætt húsnæði og er leigufjárhæð nú rúmar 900 þúsund krónur á mánuði.

Alls dvelja í húsinu dag hvern 24 einstaklingar með heilabilun. Þeir einstaklingar sem nýta þjónustuna í Drafnarhúsi eru ekki eingöngu íbúar í Hafnarfirði þar sem þjónustan hefur staðið íbúum annarra sveitarfélaga til boða. Hafnfirðingar eru fjölmennastir í þjónustunni en íbúar úr Garðabæ hafa verið hlutfallslega margir á hverjum tíma. Á fundi fjölskylduráðs þann 28.apríl s.l. var eftirfarandi bókað:

*„Í Drafnarhúsi/Strandgötu 75 er rekin dagdvöl fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma. Þar eru 24 rými. Hafnarfjarðarbær hefur greitt leiguna óháð því hvort þjónustuþegar eru með lögheimili í Hafnarfirði eða ekki. Lagt er til að þau sveitarfélög sem nýta þjónustuna í Drafnarhúsi greiði leigu í hlutfalli við fjölda þjónustuþega. Tillaga þrjú er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Tillögunni vísað til bæjarráðs.“*

Hér með er tilkynnt að innheimt verður leiga í Drafnarhúsi vegna þeirra þjónustuþega sem eru með lögheimili í Garðabæ. Reikningur verður sendur til sveitarfélagsins.

Undirrituð veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsson  
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs